

# Rafvending

Rafvending er gerð hjá sjúklingum með gáttatif eða gáttaflökt til að koma hjartslætti þeirra í reglulegan takt aftur. Einkenni um óreglulegan hjartslátt geta verið hraður og óreglulegur púls, svimi, minna úthald, máttleysi, mæði og brjóstverkur. Hjartsláttaróregla getur komið bæði í hvíld og við áreynslu.

Ef innan við einn til tveir sólarhringar eru síðan hjartsláttaróregla byrjaði er hægt að gera rafvendingu. Í einstaka tilfellum er hægt að gera rafvendingu þótt sjúklingur sé ekki á blóðþynningarmeðferð.

## Undirbúningur fyrir rafvendingu

### Blóðþynningarmeðferð

Ef hjartsláttaróregla hefur varað lengur en tvo sólarhringa er gefið blóðþynningarlyf í 3-4 vikur áður en rafvending er gerð til að minnka hættu á myndun blóðtappa. Til eru mismunandi tegundir blóðþynningalyfja en læknir tekur ákvörðun um meðferð og veitir upplýsingar um notkun lyfsins.

Fyrir þá sem taka blóðþynningarlyfið **Warfarin** tekur alla jafna nokkrar vikur að ná viðunandi og stöðugri blóðþynningu en hún er mæld með blóðrannsókn (INR mæling). Mælingin þarf að vera innan viðmiðunarmarka (gildi 2-3) í að lágmarki þrjár vikur áður en rafvending er framkvæmd. **Fram að rafvendingu þarf því að mæta vikulega í blóðsýnatöku.**

Þeir sem taka blóðþynningarlyfið Eliquis (apixaban), Lixiana (edoxaban), Pradaxa (dabigant) eða Xarelto (rivaroxaban) þurfa að taka lyfið **nákvæmlega** eins og lagt var upp með í að lágmarki þrjár vikur fyrir rafvendingu. Ef blóðþynningarlyfin eru ekki tekin eftir fyrirmælum læknis aukast líkur á að blóðtappi myndist í hjarta sem getur farið upp í höfuð við rafvendinguna.

### Biðlisti

Áætlaður biðtími eftir rafvendingu er yfirleitt 4-6 vikur. Tilkynning er send í Heilsuveru og Landspítalaappið þegar sjúklingur er kominn á biðlista.

## Símainnritun

Hjúkrunarfræðingur hringir í sjúkling nokkrum dögum fyrir rafvendingu og staðfestir bókaðan tíma fyrir rafvendingu. Láta þarf hjúkrunarfræðing vita ef sjúklingur hefur á síðastliðnum sex mánuðum:

- Greinst með fjölonæmar bakteríur
- Þegið heilbrigðisþjónustu erlendis
- Verið með kýli eða endurteknar húðsýkingar
- Ferðast til landa utan Evrópu, Bandaríkjanna eða Kanada

Í símaviðtalinu verður spurt um lyfjanotkun. Ef gleymst hefur að taka inn blóðþynnandi lyf í eitt skipti eða oftar síðastliðnar þrjár vikur þarf að taka það fram því ekki er óhætt að gera rafvendingu ef blóðþynningarlyf hafa ekki tekin nákvæmlega eftir fyrir mælum læknis. Upplýsingar um ávísuð lyf er hægt að nálgast á vefsíðunni [www.heilsuvera.is](http://www.heilsuvera.is).

## Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir svæfingu vegna áhrifa svæfingalyfja.

## Rafvendingardagur

### Fasta

Nauðsynlegt er að fasta á mat í sex klukkustundir fyrir rafvendingu til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu.

Flestar rafvendingar eru gerðar fljótlega eftir hádegi eða um kl. 13:00 og því má borða **léttan morgunmat fyrir kl. 07:00**. Taka á inn lyf sem tekin eru reglulega að morgni, þar með talið blóðþynningarlyf. Ekki má taka inn sykursýkislyf og þvagræsilyf fyrr en að lokinni rafvendingu.

- Ekki má borða eftir kl. 07:00.
- Drekkja má vatn, mjólkurlaust kaffi eða te og tæran ávaxtasafa til kl. 11:00.
- Ekki má reykja, nota tyggjó eða brjóstsykur eftir kl. 11:00.
- Mikilvægt er að láta vita um ofnæmi fyrir lyfjum og öðru.

## Koma á Hjartagátt

Mæting er í blóðsýnatöku á göngudeild 10E í kjallara Landspítala við Hringbraut kl. 11:00. Við komu þarf að gefa sig fram með því að skrá sig inn á móttökustandi í afgreiðslu. Eftir blóðsýnatökuna er farið á Hjartagátt 10D þar sem frekari undirbúningur fer fram.

Algengt er að 4-7 sjúklingar komi í rafvendingu á sama tíma og því getur stundum verið bið. Gott er að hafa afþreyingarefni meðferðis.

## Rafvending

Fyrir rafvendingu er settur æðaleggur í handlegg.

Rafvending er gerð í stuttri svæfingu og er gefið eitt til þrjú rafstuð á brjóstkassann til að leiðrétta óreglulega hjartsláttinn. Ekki er hægt að leiðrétta hjartsláttaróreglu hjá öllum en þá er lyfjagjöf oft breytt og rafvending stundum reynd aftur að nokkrum tíma liðnum. Læknir ásamt hjúkrunarfræðingi og svæfingalækni sjá um rafvendinguna.

Að rafvendingu lokinni er fylgst með hjartslættinum í hjartarafsjá í um eina klukkustund og hjartalínurit er tekið til að staðfesta árangur rafvendingar fyrir útskrift.

## Útskrift

Flestir geta útskrifast 1-2 klukkustundum eftir að þeir vakna, um kl. 15:00-16:00.

# Útskriftarfræðsla

## Húðsvæði

Vægur roði og sviði á bringu getur komið fram þar sem rafstuðið var gefið. Roðinn hverfur fljótt en getur valdið óþægindum fyrst á eftir. Gott er að bera kælendi krem á roðann.

## Blóðþynningarlyf

Þeir sem fengu blóðþynningarlyf vegna hjartsláttaróreglu fyrir rafvendingu, þurfa að taka þau áfram í að minnsta kosti 4-6 vikur. Aldrei má hætta töku blóðþynningarlyfja nema í samráði við lækni.

## Áfengi

Forðast þarf áfengi í 2-3 vikur eftir rafvendingu þar sem hætta er á að það framkalli gáttatíf.

## Eftirlit

Eftirlit er yfirleitt hjá þeim hjartalækni sem óskaði eftir rafvendingunni.

## Kostnaður

Greiða þarf fyrir meðferðina samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

## Símanúmer og netfang

Hjartagátt 10D er opin kl. 08:00-16:00 virka daga

543 2050

Ef spurningar vakna varðandi stöðu á biðlista fyrir rafvendingu er hægt að senda tölvupóst á [rafvending@landspitali.is](mailto:rafvending@landspitali.is).

Þetta fræðsluefni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðsluefnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.

ÚTGEFANDI:  
LANDSPÍTALI  
MIÐSTÖÐ SJÚKLINGAFRÆÐSLU  
MAÍ 2025  
FRÆ-0560

ÁBYRGÐARMENN:  
YFIRLÆKNIR HJARTALÆKNINGA  
OG DEILDARSTJÓRAR HJARTADEILDAR  
OG HJARTAGÁTTAR 10D

HÖNNUN:  
GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR  
LANDSPÍTALA